

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 24/98
frá 27. mars 1998**

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
82/97⁽¹⁾.

Ákvörðun nr. 164 frá 27. nóvember 1996 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 101 og E 102)⁽²⁾, sem
samþykkt var af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega,
skal felld inn í samninginn.

Af endurnýjun á ákvörðun nr. 130 leiðir að skrá verður ákvarðanir nr. 144, 153, 154, 155 og
158 í rétttri tímaröð.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

VI. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Liður 3.23 (ákvörðun nr. 130) í VI. viðauka við samninginn falli niður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 134, 7. 5. 1998, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 216, 8. 8. 1997, bls. 85.

2. Liðir 3.24 (ákvörðun nr. 132) til 3.34 (ákvörðun nr. 142) verði liðir 3.23 til 3.33.
3. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.33 (ákvörðun nr. 142):

„3.34 **391 X 0140**: Ákvörðun nr. 144 frá 9. apríl 1990 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 401 - E 410 F)(Stjtið. EB nr. L 71, 18. 3. 1991, bls. 1).”.
4. Liður 3.39 (ákvörðun nr. 156) verði liður 3.42, og liðir 3.40 (ákvörðun nr. 160) til 3.43 (ákvörðun nr. 163) verði liðir 3.44 til 3.47.
5. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 3.38 (ákvörðun nr. 151):

„3.39 **394 X 0604**: Ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 001, E 103 til E 127) (Stjtið. EB nr. L 244, 19. 9. 1994, bls. 22).

3.40 **394 X 0605**: Ákvörðun nr. 154 frá 8. febrúar 1994 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 301, E 302, E 303) (Stjtið. EB nr. L 244, 19. 9. 1994, bls. 123).

3.41 **395 D 0353**: Ákvörðun nr. 155 frá 6. júlí 1994 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 401 - E 411) (Stjtið. EB nr. L 209, 5. 9. 1995, bls. 1).”.
6. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.42 (ákvörðun nr. 156):

3.43 **396 D 0732**: Ákvörðun nr. 158 frá 27. nóvember 1995 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 201 - E 215) (Stjtið. EB nr. L 336, 27. 12. 1996, bls. 1).”.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.47 (ákvörðun nr. 163) í VI. viðauka við samninginn:

- „3.48 **397 D 0533**: Ákvörðun nr. 164 frá 27. nóvember 1996 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 101 og E 102)(Stjtið. EB nr. L 216, 8. 8. 1997, bls. 85).”.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ákvörðunar nr. 164 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner